



Börnin fá tækifæri til að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

NAUS TATÖRN



Læsi



Börnin njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.



Börnin deila skoðunum sínum og hugmyndum.



Börnin velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. *

Svona vinnum við með læsi í skólanum okkar.



Börnin fá tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.



Börnin tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.



Börnin endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.



Börnin fá tækifæri til að þróa læsi í víðum skilningi, öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu. Ásamt því að kynnst tungumálinu og möguleikum þess.